

**Nd.**

**679. Nefndarálit**

[372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Fyrsti minni hl. er andvígur þessu frumvarpi og mótmælir sérstaklega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið af hálfu ríkisstjórnar og vinnuveitenda. Ljóst er að frumvarpið hafði þegar verið samið er síðasti samningafundur deiluaðila fór fram eins og athugasemdir með því bera með sér. Slíkar aðstæður eru óeðlilegar með öllu við samningagerð og hljóta að leiða til ófarnaðar. Fyrsti minni hl. er enn fremur andvígur frumvarpinu af eftirfarandi ástæðum:

1. Með samþykkt frumvarpsins væri verið að taka verkfallsrétt af stéttarfélagi án þess að á nokkurn hátt hafi verið rökstutt að aðstæður séu þannig að svo alvarleg aðgerð sé réttlætanagerð.
2. Þegar síðasta sáttafundi í kjaradeilu mjólkurfræðinga og viðsemjenda þeirra lauk var krafa mjólkurfræðinga um fæðis- og flutningskostnað, til samræmis við það sem ýmsir aðrir starfsmenn í mjólkurbúum hafa, ein eftir. Þessari kröfu höfnuðu fulltrúar vinnuveitenda umræðulaust.
3. 2. gr. frumvarpsins er þannig orðuð að hendur kjaradóms, ef af samþykkt frumvarpsins yrði, væru bundnar og honum ekki heimilt að taka tillit til sérkrafna mjólkurfræðinga.
4. Athugasemdir með frumvarpinu eru villandi og að nokkru leyti beinlínis rangar og allur rökstuðningur ríkisstjórnarinnar fyrir lagasetningunni veikur. Í þessari kjaradeilu hefur komið í ljós hve fráleit ákvörðun það var er mjólkursamlögin voru knúin til aðildar að Vinnuveitendasambandi Íslands; sú ákvörðun kemur nú öllum málsaðilum í koll og skapar sérstaka áhættu fyrir afkomu bænda.

Þegar við allt þetta bætist að fulltrúar vinnuveitenda virðast hafa haldið á málum af mikilli stífni í umræðum og ekki einu sinni verið til viðræðu um sérstakar samræmingarkröfur mjólkurfræðinga telur fyrsti minni hl. allar forsendur brostnar fyrir lagasetningu af þessu tagi og er frumvarpinu andvígur.

Alþingi, 24. mars 1986.

Steingrímur J. Sigfússon,  
fundaskr.